



TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/502  
komudagur 29.11.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 26. nóvember 2010.


**Málefni:** *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 42/1983, um Landsvirkjun með síðari breytingum. Þingskjal 205 - 188. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Efnahags- og skattanefndar Alþingis, sent með tölvupósti 22. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983, með síðari breytingum (fyrirkomulag eigendaábyrgða, EES-reglur), 188. mál.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að lagðar séu til breytingar á lögum um Landsvirkjun í kjölfar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá 8. júlí 2009 í tengslum við rannsókn stofnunarinnar á fyrirkomulagi eigendaábyrgðar Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur. Er með frumvarpinu lagt til að ákvæði í lögum um Landsvirkjun verði löguð að fyrirhuguðum breyttum lögum um ríkisábyrgðir en ákvörðun ESA laut að því að ótakmarkaðar eigendaábyrgðir séu ekki í fullu samræmi við EES samninginn um ríkisaðstoð.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp en efni þess hefur ekki áhrif á rekstur eða starfsemi embættisins.

Virðingarfyllst,

  
Sigurður Skúli Bergsson  
aðstoðartollstjóri